

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1059

Dagsetning: 25. febrúar 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Ingunn Sigurgeirsdóttir (IS), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Margrét Kristjánsdóttir (MK), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Elín Eiríksdóttir vefstjóri sat fundinn undir liðum 6 og 7.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 18. febrúar 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Greiðslur fyrir vottorð og túlkapjónustu

Farið var yfir samantekt á kostnaði heilsugæslustöðva HH við greiðslur fyrir vottorð og tekjum sem koma á móti. Samanlagður kostnaður heilsugæslustöðvanna á árinu 2024 var tæplega 125 milljónir króna umfram tekjur fyrir vottorðin. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að innheimt sé lögbundið gjald fyrir vottorð. Einnig var rætt um kostnað við túlkapjónustu. Útlagður kostnaður HH vegna túlkapjónustu var um 149 milljónir króna á árinu 2024, þar af 135 milljónir króna hjá heilsugæslustöðvum. Á móti komu 32 milljónir króna úr fjármögnunarlíkaninu. Ákveðið var að móta verklag fyrir skrifstofustjóra til að tryggja að innheimt sé rétt gjald fyrir þessa þjónustu. Einnig var ákveðið að eiga samráð við fulltrúa frá embætti landlæknis til að kanna möguleika á rafrænni lausn til að innheimta sjálfvirkt fyrir þessa þjónustu.

4. Þjónustan í fangelsum

Umræður um erindi heilbrigðisráðuneytisins um þjónustu við fanga í fangelsinu á Hólmsheiði. Rætt var um skipulag þjónustunnar, bæði heilsugæsluþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu og hvaða möguleikar eru til að bæta skipulagið. Ákveðið var að skoða málið áfram.

5. Stýrihópur um áfengis- og vímuefnaferðarkerfið

Rætt var um ósk heilbrigðisráðuneytisins um fulltrúa frá HH í stýrihóp um áfengis- og vímuefnaferðarkerfið. Framkvæmdastjórn telur rétt að fulltrúi frá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu sitji í hópnum.

6. Erindi frá opinberum aðilum

Elín Eiríksdóttir vefstjóri kom á fundinn til að ræða hvernig hægt er að tryggja að erindi frá opinberum aðilum, til dæmis ráðuneytum, embætti landlæknis, Sjúkratryggingum Íslands og fleiri, berist á miðlægt netfang HH til að auðvelda utanumhald.

7. Nafnalisti starfsfólks á vef HH

Elín Eiríkstóttir vefstjóri kom á fundinn til að ræða um nafnalista starfsfólks HH á vef stofnunarinnar. Ákveðið hefur verið að hafa listann ekki á nýjum vef á island.is, sem er í smíðum, vegna öryggissjónarmiða. Skjólstæðingar geta notað heimsóknalista á Mínum síðum Heilsuveru til að finna hvaða lækna þeir hafa hitt og starfsfólk HH mun hafa aðgang að starfsmannalista á WorkVivo. Ákveðið var að kanna hvort hægt sé að stilla útsendingu á SMS-skilaboðum sem skjólstæðingar fá til að minna á komu þannig að nafn þess starfsmanns sem þeir ætla að hitta komi fram. NSK

Aðgerðir og verkefni

- Móta þarf verklag fyrir skrifstofustjóra til að tryggja að innheimt sé fyrir túlkapjónustu og vottorð, sjá lið 3.
Ábyrgð: NSK
- Funda þarf með fulltrúa embættis landlæknis um möguleika á rafrænum lausnum til að tryggja að innheimt sé fyrir túlkapjónustu og vottorð, sjá lið 3.
Ábyrgð: NSK
- Halda þarf áfram að skoða skipulag þjónustu við fanga, sjá lið 4.
Ábyrgð: ÍDH og RÓE
- Framsenda þarf erindi um fulltrúa í stýrihóp um áfengis- og vímuefnameðferðarkerfið til Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:20.